

OPIÐ BRÉF

101

14. júní

um að hans konunglega tign **Knud**, Íslands prins og Danmerkur,
sé settur ríkisstjóri.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, son Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins **Knud Christian Frederik Michael**, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

102

14. júní

um yfirlýsingu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar
um samkynja hlutleysisákvæði.

Samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherra, hefir Hans hátign konunginum 19. f. m. allramildilegast þóknast að ákveða, að Ísland tæki þátt í yfirlýsingu um ofanritað efni, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Stokkhólmi, þann 27. maí 1938.

Yfirlýsingin birtist hér með á íslenzku og frönsku og er svo hljóðandi:

Déclaration.

Les Gouvernements de Danemark, de Finlande, de Norvège et de Suède,

considérant qu'il est hautement désirable que les règles de neutralité appliquées par eux en cas de guerre entre des Puissances étrangères soient similaires,

Yfirlýsing

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands
Noregs og Svíþjóðar um samkynja
hlutleysisákvæði.

Stjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa gert texta þá að hlutleysisákvæðum, sem hér eru festir við, með því að æskilegt þykir, að samkynja hlutleysisákvæðum verði fylgt í þessum löndum í ófriði milli erlendra ríkja.

102 ont élaboré, sur la base de la Déclaration
14. júní tion du 21 décembre 1912 entre le Danemark, la Norvège et la Suède relative à la matière, les textes ci-annexés de règles de neutralité à arrêter par les dits Gouvernements, chacun en ce qui le concerne, et sont convenus, pour le cas où, en raison des expériences faites par lui, l'un d'eux désirerait modifier les dites règles, conformément à ce qui est prévu par la Convention concernant les droits et les devoirs des Puissances neutres en cas de guerre maritime, signée à la Haye le 18 octobre 1907, de ne pas procéder à cette modification sans en avoir, si possible, averti préalablement les quatre autres Gouvernements, assez tôt pour permettre un échange de vues sur la matière.

En foi de quoi les soussignés, dûment autorisés à cet effet par leurs Gouvernements respectifs, ont signé la présente Déclaration et y ont apposé leurs cachets.

Fait à Stockholm, en cinq exemplaires,
le 27 mai 1938.

Pour l'Islande

Ove Engell
(Cachet)

Pour le Danemark

Ove Engell
(Cachet)

Pour la Finlande

J. K. Paasikivi
(Cachet)

Pour la Norvège

J. H. Wollébæk
(Cachet)

Pour la Suède

Richard Sandler
(Cachet)

Er svo ákveðið, að hver framangreindra stjórn gefi hver út sinn texta að ákvæðunum, enda eru til grundvallar þeim lögð yfirlýsing norrænu ríkjanna frá 1912.

Ennfremur hafa framangreindar ríkisstjórnir orðið á það sáttar, að ef einhver þeirra kynni að óska, samkvæmt fenginni reynslu og í samræmi við það, sem ráð er fyrir gert í XIII. Haagssamþykktinni frá 1907, að breyta framanefndum hlutleysisákvæðum, þá skuli það ekki verða gert, nema stjórnnum hinna ríkjanna verði, ef þess er kostur, skýrt svo tímanlega frá því, að málið megi ræða.

Til staðfestu yfirlýsingu þessari hafa undirritaðir, sem þar til hafa gild umboð frá ríkisstjórnnum sínum, undirritað yfirlýsingu þessa og sett við hana innsigli sín.

Gert í Stokkhólmi í 5 eintökum,
hinn 27. maí 1938.

Fyrir Ísland

Ove Engell
(Innsigli)

Fyrir Danmörk

Ove Engell
(Innsigli)

Fyrir Finnland

J. K. Paasikivi
(Innsigli)

Fyrir Noreg

J. H. Wollébæk
(Innsigli)

Fyrir Svíþjóð

Richard Sandler
(Innsigli)

Tilskipun, er hefir að geyma nokkur ákvæði um hlutleysi í ófriði.

102

14. júní

Í ófriði milli erlendra ríkja skal um hlutleysi Íslands fara eftir fyrir mælum þeim, er hér greinir, frá þeim tíma og í þeim mæli, er konungur ákveður.

1. gr.

Herskip ófriðarríkja mega koma á íslenskar hafnir og í íslenska landhelgi annars með þeim undantekningum og skilmálum, sem hér á eftir getur.

2. gr.

1. Kafbátar ófriðarríkja, sem búnir eru út til ófriðarathafna, mega ekki fara um íslenska landhelgi né hafa þar dvöl.

Bann þetta tekur þó ekki til kafbáta, sem neyðast til að fara inn á bannsvæði vegna sjóttjóns eða ofviðris, enda gefi þeir þá til kynna með alþjóðamerki orsökina til vistar sinnar þar. En víkja skal kafbátur út úr íslenskri landhelgi svo fljótt sem verða má, eftir að orsökina til komu hans þangað er niður fallin. Meðan kafbátur heldur sig inni í landhelgi, skal hann jafnan vera ofansjávar og hafa uppi ríkisfána sinn.

2. Konungur getur bannað herskipum ófriðarríkja aðgang að einstökum höfnum eða öðrum takmörkuðum svæðum íslenskrar landhelgi, ef það kynni að þykja nauðsynlegt af sérstökum ástæðum til verndar forráðarétti ríkisins eða hlutleysisgæzlu, enda verði almennra grundvallarreglna þjóðaréttar gætt.

3. Ennfremur áskilur konungur sér rétt til að banna þeim herskipum ófriðarríkja hafnir eða skipalægi, er ekki hafa gætt ákvæða, er rétt íslensk stjórnarvöld hafa sett, eða brotið hafa hlutleysisákvæði ríkisins.

3. gr.

1. Víkingaskip mega ekki sigla inn á íslenskar hafnir eða hafa dvöl í íslenskri landhelgi.

2. Svo er og vopnuðum kaupförum, er ófriðaraðili hefir forræði á, bannað að sigla inn á íslenska höfn eða hafa dvöl í íslenskri landhelgi, enda sé vopnabúnaður þess ætlaður til annars en sjálfsvarnar einnar.

4. gr.

1. Herskip ófriðarríkja mega ekki hafa dvöl á íslenskri höfn, íslensku skipalægi eða í íslenskri landhelgi annars lengur en 24 klukkustundir, nema um sjóttjón, strand eða ofviðri sé að tefla eða svo sé háttað sem í 3. og 4. tölul. greinar þessarar segir. En sigla skal skip þá þegar brott, er orsökina til seinkunar þess er niður fallin. Nú verður skip fyrir sjóttjóni eða strandi, og setur þá rétt íslenskt yfirvald frest, er telja megí nægilegan til viðgerðar á skipinu eða til að ná því út. Þó verður enginn frestur fram yfir 24 klukkustundir veittur, ef augljóst er, að skip verði ekki gert sjófært á hæfilegum fresti eða ef tjón er orðið af völdum heraðilja frá fjandriki þess.

Ákvæði þessi um takmörkun á dvalarfresti herskipa taka ekki til herskipa, sem einvörðungu er ætlað að starfa í þarfir trúbragða, vísinda eða mannúðar né heldur til spítalaherskipa í þarfir heraðilja.

2. Fleiri en 3 herskip sama ófriðarríkis eða ríkja, sem gerzt hafa bandamenn í þeim ófriði, mega ekki samtímis hafa dvöl á sömu íslenskri höfn eða skipalægi eða á höfnum eða skipalægjum á sama strandsvæði, enda hafi strönd verið skipt í ákveðin svæði í þessu skyni.

3. Nú eiga herskip frá báðum ófriðaraðiljum dvöl í sömu íslensku höfn eða sama íslensku skipalægi, og má þá skip annars ófriðaraðiljans ekki fara af höfn eða skipalægi, fyrr en 24 klukkustundum hið skemmsta eftir brottför skips hins ófriðaraðilj-

102 ans. Sigla skulu skipin brott í sömu röð sem þau komu, enda sé ekki svo háttáð um
14. júní það skipið, sem fyrr kom, að lengja skuli því dvalarfrestinn.

4. Nú hefir herskip ófriðaraðilja og kaupfar, er siglir undir fána fjandrikis hans, samtímis dvöl á sömu íslenzkri höfn eða sama íslenzku skipalægi, og má herskipið þá ekki fara brott af höfn eða skipalægi, fyrr en 24 klukkustundum hið skemmsta frá brottför kaupfarsins. Skulu rétt yfirvöld svo skipa brottför kaupfars, að dvöl herskips lengist ekki að óþörfu.

5. gr.

1. Á íslenzkri höfn eða íslenzku skipalægi má þær einar batur gera á spjöllum á herskipi, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar eru til þess, að skipið verði haffært, og aldrei má bæta slíkt skip með þeim hætti, að það verði að færara til ófriðarathafna. Tjón á herskipi, sem vitanlega er orðið af völdum heraðilja fjandrikis þess, má ekki bæta með efni eða vinnu, er útvegus sé á íslenzku forráðasviði. Íslenzk stjórnarvöld kveða á um það, hvaða viðgerðir megi fram fara, enda skal framkvæma þær svo fljótt, sem kostur er, og sé frests þess gætt, er í 1. tölul. 4. gr. segir.

2. Herskip ófriðarrikja mega ekki nota íslenzka höfn eða íslenzka landhelgi annars til að endurnýja eða auka herbirgðir sínar eða skottæki eða til að fullna áhöfn sína.

3. Ekki mega herskip ófriðarrikis taka vistir á íslenzkri höfn eða íslenzku skipalægi framur því, sem nauðsynlegt er til venjulegs vistaförða á friðartímum.

4. Um úthlutun eldsneytis í íslenzkri höfn eða íslenzku skipalægi eru herskip ófriðarrikis háð þeim fyrirmælum, sem um önnur erlend skip gilda að þessu leyti. Þó má herskip ófriðarrikis aðeins fá svo mikið eldsneyti, sem því nægir til næstu hafnar í sínu landi, og þó aldrei meira en þarf til að fylla hin eiginlegu kolarúm þess eða eldsneytisgeyma. Sama herskip má ekki taka eldsneyti á íslenzkri höfn eða íslenzku skipalægi, fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því, er það tók þar síðast eldsneyti.

6. gr.

Herskip ófriðarrikja skulu nota löggilta hafnsögumenn í íslenzkri landhelgi, þar sem boðið er að nota hafnsögumenn. Annars er þeim bannað að nota löggilta íslenzka hafnsögumenn, nema til að varna sjávarháaska, er þau eru í neyð stödd.

7. gr.

1. Með hertekið skip erlends þjóðernis má ekki fara inn á íslenzka höfn eða íslenzkt skipalægi, nema það sé óhaffært eða ofviðri eða vistaskortur eða eldsneytis valdi. Skip, sem með þessum hætti eru komin á íslenzka höfn eða íslenzkt skipalægi, skulu sigla brott þegar er orsökinn til komu þeirra þangað er niður fallin.

2. Ófriðarriki má ekki setja skipatökudóm á íslenzku landi eða á skipi í íslenzkri landhelgi. Einnig er sala á herteknu skipi á íslenzkri höfn eða á íslenzku skipalægi bönnuð.

8. gr.

1. Herloftför ófriðaraðilja, að frátöldum sjúkralofterum og loftförum, sem flutt eru á herskipum, mega ekki koma inn á íslenzkt forráðasvið, nema öðruvísi sé mælt fyrir um einstök svæði þess samkvæmt almennum grundvallarreglum þjóðaréttar.

2. Loftför, sem herskip ófriðarrikis hefir meðferðis, mega ekki fara af skipinu, meðan það er í íslenzkri landhelgi.

9. gr.

1. Herskipum og loftförum ófriðaraðilja er skylt að virða forráðarétt ríkisins og varast hverja þá athöfn, sem brjóta mundi í bága við hlutleysi þess.

2. Bannaðar eru allar fjandsamlegar athafnir á íslenzku forráðasviði, þar á meðal

stöðvun, rannsókn og hertaka skipa og loftfara, bæði hlutlausra og þeirra, er til þjóð- **102**
 ernis fjandrikis teljast. Nú hefir skip eða loftfar verið þar hertekið, og skal það þá **14. júní**
 laust látið með yfirmönnum sínum, áhöfn og farmi.

10. gr.

Gæta skal vandlega gildandi ákvæða um hollustuháttu, hafnsögu, tolla, umferð, hafnir og lögreglu.

11. gr.

Enginn heraðilja má hafa íslenzkt forráðasvið að undirstöðu ófriðarathöfnum gagnvart andstæðingi sínum.

12. gr.

1. Bannað er heraðiljum eða þeim, sem fyrir þá starfa, að setja upp eða starfrækja á íslenzku forráðasviði loftskeytastöðvar eða önnur tæki til skeytasendingar til heraðilja á landi, sjó eða í lofti.

2. Hreyfanlegar loftskeytastöðvar ófriðaraðilja, hvort sem þær teljast til hernaðartækja eða ekki, má ekki nota á íslenzku forráðasviði til loftskeytasendinga, nema gert sé í nauðum eða til sambands við íslenzk stjórnarvöld um íslenzkar loftskeytastöðvar á landi eða á íslenzkum skipum, sem íslenzk lögregla ræður yfir.

13. gr.

Á íslenzku forráðasviði er öllum bannað að gera athuganir, í loftfari eða með öðrum hætti á hreyfingum eða ófriðarathöfnum heraðilja eða varnarráðstöfunum, í því skyni að veita hinum ófriðaraðiljanum vitneskju þar um.

14. gr.

1. Ófriðarriki má ekki setja eldsneytisforða á íslenzkt land eða á skip með bæki-stöð í íslenzkri landhelgi.

2. Skip eða loftför, sem bersýnilega eru í förum til þess að flytja eldsneyti eða aðrar nauðsynjar beint til heraðilja, mega ekki taka slíkar nauðsynjar á íslenzkri höfn eða íslenzku skipalægi frammar en þau sjálf þurfa.

15. gr.

1. Skip, sem ætluð eru til tálma kaupferðum á hafi eða til aðstoðar við fjandsamlegar athafnir gagnvart nokkrum heraðilja, má ekki búa út eða vopna á íslenzku forráðasviði. Eigi má skip, sem slíkt hlutverk er ætlað, og að nokkru eða öllu er útbúið til ófriðarathafna á íslenzku forráðasviði, fara þaðan burt.

2. Loftfar, sem árásir getur gert á heraðilja, eða hefir meðferðis efni eða tæki, er svo má fyrir koma eða nota, að það megi slíkar árásir gera, má ekki fara af íslenzku forráðasviði, ef ástæða er til að ætla, að nota eigi það gegn ófriðaraðilja. Ekki má heldur vinna nokkra vinnu á íslenzku forráðasviði við loftfar, er miðar til að undirbúa brottför þess í áður nefndu skyni.

16. gr.

Íslenzkur þegn eða útlendingur, sem er búsettur hér eða hefir hér á landi dvöl, má eigi með nokkrum hætti veita til þess lið sitt, að framangreind eða nokkur önnur gildandi ákvæði um för erlendra herskipa eða herloftfara inn á íslenzkt forráðasvið, um skyldur þeirra meðan þau dveljast þar eða um brottför þeirra þaðan, verði brotin eða þeirra eigi gætt í ófriði milli erlendra ríkja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 14. júní 1938.

Hermann Jónasson.